

40. fundur í Æskulýðs – og íþróttanefnd 8. nóvember 2010 kl:18:00

Mættir: Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri, Helga Guðmundsdóttir, formaður, Ingi Berg Ingason, Erna Rut Kristjánsdóttir, Helga Sveinsdóttir auk Vignis Sveinssonar og Eydísar Eypórsdóttur.

1. Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar

- Vignir greindi frá fundi sem haldinn var hjá Félagi forstöðumanna sundstaða. Breytingar standa fyrir dyrum á sundstöðum og munu reglur taka gildi 1. janúar 2011. Líklega þarf að bæta við starfsmanni/mönnum, girðing kringum laug þarf að vera mannheld, öryggiskröfur (myndavélar) og fleira sem þarf að athuga betur. Aðrar reglur sem tengjast íþróttahúsinu ss. breytingar á körfuboltavellinum, nýjar klukkur, línur ofl.
- Rætt um reglur í íþróttahúsinu og mikilvægi þess að þær hangi uppi.
- Á miðvikudag eru 20 ár síðan íþróttahúsið var vígt, á að gera eitthvað í tengslum við það? Skella í vöflur fyrir leiki á meistaraflokksleikjum Snæfells?
- Ingi spyr hver sé ábyrgur fyrir börnunum í íþróttatímum hjá skólanum.
- Rætt um hástökkdýnu til að nota úti, ljóst er að hún verður ekki keypt. Helga G. stakk upp á að samnýta slíkt með Grundfirðingum.
- Spurt um pappírs og sápunotkun hjá Átaki. Þessir hlutir eru samnýttir með íþróttamiðstöðinni.

2. Kynning frá Æskulýðs- og tómstundarfulltrúa

- Félagsmiðstöðin var opnuð í lok október og eru krakkarnir mjög ánægðir.
- Fyrirhugað að fara á Æskulýðsball í Borgarnesi á fimmtudag 11. nóv. , 8. bekkur fær að fara með og munu þau líka fá að fara á Samfés.
- Hópur er að fara á Stíl 2010 20. nóv.
- Eydís spurðist fyrir um leirnámskeið hjá Rögnu en bíður eftir svari
- Mætingin hefur verið góð í félagsmiðstöðina.
- Bíósýningar verða fyrir yngri krakkana fyrir jól.

3. Ungmennaráð

- Búið er að halda einn fund og einn dró sig strax út þannig að það vantar eina stelpu í ráðið.
- Rætt um hvað hægt væri að gera fyrir þennan aldurshóp 16 – 25 ára. Ætla að halda pub-quis fimmtudaginn 25. nóv., taka í spil með gamla fólkinu, fá fræðslu um fjármál og fleira. Hugmyndir um að hafa „kaffihúsakvöld“ t.d. á Narfeyrarstofu.

4. Önnur mál

- Snæfell mun taka fyrir alla tóbaksnotkun um áramót
- Rætt um skólalóðina og úrbætur á henni.
- æfingar í barnakór verða í kirkjunni á fimmtudögum kl. 15:30 undir stjórn Lazlo og Svanur Grétarson mun vera með honum til að byrja með.
- Rætt um hjólabraut og hvort hún kemur eða ekki. Ákveðið að kalla eftir svörum bréfs sem strákar í 8. bekk sendu.

- Stungið upp á að stjórnarformaður Snæfells komi á fund og kynni hvað er um að vera þar.

Fundarmenn skunduðu í X – ið að loknum fundi hér.

Fleira ekki gert, fundið slitið kl.19:30

Helga Sveinsdóttir (sign)

Helga Guðmundsdóttir (sign)

Erna Rut Kristjánsdóttir (sign)

Gyða Steinsdóttir (sign)

Ingi Berg Ingason (sign)

Einar Gunnarsson (sign)